



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 14. september 2017

Niðurstöður athugunar á verðmati lausafjarmuna við vörslusviptingu hjá Landsbankanum hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á verðmati lausafjarmuna við vörslusviptingu hjá Landsbankanum hf. í janúar 2017.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verðmat Landsbankans hf. á lausafjarmunum í kjölfar vörslusviptingar væri í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Kannað var hvort viðskiptavinir njóti góðs af því þegar lausafjarmunur er seldur á hærra verði en matsverð samkvæmt uppgjöri hljóðar upp á, með tilliti til 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 670/2013 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitið skoðaði viðeigandi verkferla hjá bankanum og tók úrtak kaupleigusamninga vegna einstaklinga sem fengu uppgjörssreikninga í kjölfar vörslusviptinga á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2016.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júlí 2017 og eru þær byggðar á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram. Helstu niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að framsetning á verðmatsaðferð bankans í ákvæði um uppgjör í samningi er ekki skýr.

Fjármálaeftirlitið gerði einnig athugasemd við að í þremur tilvikum leið langur tími frá því að bankinn tók bifreiðar í sína vörslu þar til að viðskiptavini var sent uppgjör.

Einnig voru settar fram nokkrar ábendingar um atriði sem Fjármálaeftirlitið telur almennt að betur megi fara.

Þar ber helst að nefna að Fjármálaeftirlitið kom því á framfæri við bankann að samkvæmt mati eftirlitsins samrýmist það eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum að skuldari njóti góðs af því sé um það að ræða að bifreið sé seld á hærra virði en bankinn mat hana á í uppgjöri til skuldara, að teknu tilliti til sannanlegs og réttmæts kostnaðar sem fellur til frá því að bifreið er komin í vörslur bankans og þar til hún er seld.